



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2013.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp um breytingu á lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með síðari breytingum (vörukaup, þjónusta o.fl.). 143. löggjafarþing 2013 -2014. Þingskjal nr. 211 – 176. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Megintilgangur frumvarpsins er að gera nauðsynlegar breytingar á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í því skyni að innleiða með fullnægjandi hætti tilskipanir ESB um jafnrétti kynjanna í ljósi athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA og tryggja þar með réttarvernd beggja kynja í hvívetna.

MRSÍ fagnar frumvarpinu sem löngu tímabæru, en vill þó koma eftirfarandi á framfæri:

Þó margt hafi áunnist á Íslandi í jafnréttismálum, s.s. aukin réttindi kvenna og samkynhneigðra, þá er enn margt óunnið og ýmsir samfélagshópar eiga enn undir högg að sækja án þess að geta sótt rétt sinn telji þeir á sér brotið. MRSÍ hefur um nokkurt skeið vakið athygli á því hversu ófullkomin íslensk jafnréttislöggjöf er þegar um er að tefla annars konar jafnrétti en kynjajafnrétti. Lögin eru afar brotakennd í samanburði við það sem kveðið er á um í Evrópurétti og þá löggjöf sem finna má í löndum sem Ísland ber sig helst saman við.

MRSÍ telur, að með því að setja ekki eina samræmda löggjöf um mismunun og jafnrétti, náist ekki að innleiða með viðunandi hætti tilskipanir ESB á sviði jafnréttismála. Vandséð er hvaða ástæður gætu legið fyrir því að vernda ekki gegn mismunun í tengslum við veitingu á vöru og þjónustu á grundvelli fleiri mismununarástæðna en gert er í frumvarpsdrögum. Í íslenskri löggjöf má þegar finna ákvæði þar sem ekki þótti ástæða til að greina á milli þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða og kynhneigðar í sambandi við veitingu á vöru og þjónustu. MRSÍ telur að í nútímasamfélagi, þar sem það er almennt viðurkennt að allir skuli vera jafnir, ætti löggjöfin að vera í takt við samfélagsvitundina og banna mismunun, hver sem grundvöllurinn er og hvert sem formið er, svo fremi að ekki séu málefnalegar ástæður að baki mismunun.

Lögð er mikil áhersla á það hjá Mannréttindadómstól Evrópu, ESB og Evrópudómstólnum að jafnréttislöggjöf sé virk og að tryggð séu raunveruleg úrræði fyrir þá sem telja á sér brotið. Í II. kafla tilskipunar ráðsins 2004/113/EB eru ákvæði þar að lútandi. Eitt af því sem nauðsynlegt er til þess að ná þeim fram er að kveðið verði á um eftirlit í formi virkrar eftirlitsstofnunar ásamt raunhæfum,



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

áhrifaríkum viðurlögum sem hafi forvarnargildi. Ekki verður séð af athugasemdum með frumvarpinu að hugað hafi verið sérstaklega að þessum málum, þ.e. áfram mun kærunefnd Jafnréttismála aðeins vera ætlað að kveða upp úrskurði um það hvort að brotið hafi verið gegn lögnum og er nefndinni ekki ætluð heimild til að ákveða greiðslu skaðabóta til þess sem mismunað var. MRSÍ telur að skoða ætti hvort að veita ætti kærunefndinni slíka heimild eða gera þolanda mismununar á annan hátt kleift að leita til dómstóla með kröfu um bætur án þess að þurfa að bera kostnaðinn við málsmeðferðina sjálfur.

Að lokum áréttar MRSÍ að tilskipanir ESB kveða aðeins á um lágmarksréttindi og eru mikilvægur grunnur sem jafnrétti víðast hvar í Evrópu byggist á, en ekkert stendur í vegi fyrir því að aðildarríki setji löggjöf sem veiti einstaklingum ríkari réttarvernd.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur